

## Berkjuauðertniþróf (Metakólínþróf)

á Göngudeild A3 Landspítala í Fossvogi

Berkjuauðertniþróf er aðferð til að rannsaka hversu auðveldlega lungnaberkjurnar dragast saman við áreiti. Auðertanlegar lungnaberkjur sjást við astma en geta einnig tengst öðrum lungnasjúkdómum og öndunarfæra-sýkingum.

Rannsóknin fer þannig fram að þú andar að þér metakólínlausn í hækkandi styrkleika. Mæling á fráblæstri er gerð eftir innöndun á hverjum styrkleika fyrir sig. Þrófinu lýkur þegar fráblástur hefur minnkað um 20% eða hæsta styrkleika lausnarinnar er náð

Rannsóknin er sársaukalaus en getur valdið ertingu í hálsi og hósta eða vægum andþyngslum sem hverfa eftir að berkjuvíkkandi lyf hafa verið gefin

Ýmis lyf geta haft áhrif á rannsóknina vegna berkjuvíkkandi eiginleika þeirra.

Í samráði við lækni þarf að hafa eftirfarandi lyfjanotkun í huga:

Ekki er æskilegt að taka inn steratöflur í **fimm** sólarhringa fyrir rannsókn

Ekki má taka eftirfarandi lyf í **þrjú** sólarhringa fyrir rannsóknina

- Ofnæmistöflur (andhistamín lyf)
- Innöndunarstera eins og Flixotide og Pulmicort
- Samsett innöndunarlyf eins og Symbicort og Seretide
- Blóðþrýstingslækkandi lyf í flokki betahemjandi lyfa (betablokkerar)

Í **einn** sólarhring fyrir rannsókn má ekki taka :

- Accolate töflur/ Singulair töflur
- Langverkandi berkjuvíkkandi lyf eins og Oxis, Serevent, Atrovent, Spiriva og theo-dur töflur

Í **8 klst** fyrir rannsókn má ekki nota:

- Bricanyl úðalyf
- Ventolin úðalyf

Ekki er æskilegt að reykja eða drekka kaffi, te eða drykki sem innihlða koffein í **tvær** klst fyrir rannsókn:

Berkjuauðertniþróf er ekki framkvæmt hjá barnshafandi konum eða konum með barn á brjósti nema í samráði við lækni. Það á einnig við um alvarlega sjúkdóma eins og háþrýsting, flogaveiki kransæðasjúkdóm og æðagúl

Mikilvægt er að láta vita ef þessi tími hentar ekki og ef eitthvað er óljóst eða spurningar vakna skaltu hafa samband við hjúkrunarfræðinga ofnæmisgöngudeilarinnar í síma 543 6039/ 6038

Göngudeildin er opin virka daga kl 8-16